

# Geðhjálp á tímamótum

**Sigursteinn Músson  
skrifar um Geðhjálp og  
Landssöfnun Kiwanis**

LAUGARDAGINN 9. október eru 25 ár liðin síðan framsýnt fólk kom saman og stofnaði með sér félagsskap aðstandenda, sjúkra og áhugafólks um málefni geðsjúkra. Mikil áhersla var á það lögð frá upphafi að meginverkefni félagsins yrði að gæta hagsmuna hinna veiku. Þeir töldu þá ekki fara saman að reka þjónustu fyrir geðsjúka og berjast fyrir hagsmunum þeirra. Það sem ríki og sveitarfélögum að lögum bæri að reka myndi Geðhjálp ekki gera. Parna hefur viss stefnubreyting orðið á umliðnum árum. Geðhjálp rekur nú félagsmiðstöð, mötuneyti, tölvuver, sálfræðiþjónustu og aðra ráðgjöf og hýsir átta sjálfshjálparhópa. Þar fyrir utan hýsir Geðhjálp skóla með hundrad nemendum og er hann rekinn er af Fjölmennit. Með rökum má segja að margt af þessu ætti ríkið að reka en staðreyndin er sú að fólk leitar fremur til Geðhjálpar en til opinberrar stofnunar. Þetta er mikilvægt atriði sem við sem stjórnum þessu félagi verðum að taka með í reikninginn. Á þessum tímamótum er þakklæti til frumkvöðlanna mér efst í huga. Því verður heldur ekki á móti mælt að staða geðsjúkra í dag er allt önnur og að mörgu leyti betri en fyrir aldarfjórðungi. Þó þarfnast



Sigursteinn Músson

sennilega enginn málaflökkur í heilbrigðiskerfinu meiri lagfæringar en geðheilbrigðismálin. Enn er það svo að geðlækningar eru að langmestu lyflækningar og því þarf að breyta.

Nýjar rannsóknir sýna að sjúklingar í samtalsaðferðum halda enn betur meðferð og árangurinn er ekki lakari en með lyfjunum þótt þetta eigi ekki við mikið oflætisástand. Þessu þarf að gefa miklu betri gaum. Það er margt að gerast í löndunum í kringum okkur á þessu sviði og þangað þurfum við að leita hugmynda. En við eigum líka að skoða okkar reynslubanka því hér hefur margt það gerst á allra síðustu árum á vettvangi grasrót- arinnar sem er til eftirbreytni í öðrum löndum. Kiwanishreyfingin hefur um árabíl verið Geðhjálp haurk í horni. Án tilstillis hreyfingarinnar og velvilja stjórnvalda

væri Geðhjálp ekki með sína starfsemi í hinu glæsilega húsi á Túngötu 7 en þrátt fyrir stærðina er starfsemi í húsinu við það að sprengja allt utan af sér. Nú er enn blásið til sóknar með sölu á K-lykli Kiwanishreyfingarinnar. Ágóði úr söfnuninni, sem stendur frá 7.–10. október, rennur að þessu sinni til barna- og unglingsgeðdeildar Landspítala og Geðhjálp. Í september voru 90 börn á biðlista eftir innlögn á BUGL og hefur ástandið ekki verið verra. Mjög brýnt er að ný meðferðarállma rísi sem allra fyrst og mun söfnunarframlagið

Þeim hluta sem rennur til Geðhjálpar verður varið til þess að rjúfa einangrun geðsjúkra á landsbyggðinni. 6

skipta verulegu máli. Þeim hluta sem rennur til Geðhjálpar verður varið til þess að rjúfa einangrun geðsjúkra á landsbyggðinni. Í samvinnu við Rauða kross Íslands munu fulltrúar Geðhjálpar fara um landið, upplýsa almenning og fagfólk og vinna markvisst að því að skapa þeim sem eiga við geðraskanir að stríða nýja samskiptamöguleika og batavon. Ég heiti á þig, lesandi góður, að styðja þessi verkefni og bregðast vel við Kiwanismönnum um helgina.

Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn er enn haldinn hér á landi um helgina. Ganga með blöðrum og lúðrasveit í broddi fylkingar verður farin frá Hlemmi niður Laugaveg á laugardag og blöðrunum sleppt með táknrænum hætti áður en gengið verður til dagskrár í ráðhúsinu. Það er von Geðhjálpar að sem allra flestir taki þátt í þessu. Á sunnudag bjóðum við svo til afmælisveislu í húsi okkar á Túngötu þar sem allir eru sömuleiðis velkomnir. Þakkarlisti núverandi stjórnar Geðhjálpar er langur á þessum degi og sennilega aldrei tæmandi. Því segi ég; Þakka ykkur, Íslendingar, fyrir allan stuðninginn og hlýhug til félagsins. Til hamingju, öll, með afmælið!

Höfundur er formaður Geðhjálpar.